

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 2 300.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrimælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest skv. Orkulögum nr. 58, 29 apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 230 26. maí 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þennan hátt og við því verði, er hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 67.09 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 27.87 hverja kWst. auk fastagjalds, er nemi kr. 8 403.00 á ári fyrir allt að 25 m² gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal og kr. 159.00 fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 80.00 á m² á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 14.58 hverja kWst. og auk þess fastagjald kr. 1 499.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

C. VÉLANOTKUN.

1. Um kWst.-mæli á kr. 27.87 hverja kWst.
2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kW-mæli á kr. 15.882 hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 5.72 hverja kWst. Minnsta aflgjald er kr. 79.412 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

D. HITUN.

1. Um kWst.-mæli á kr. 11.12 hverja kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 14.91 hverja kWst.
3. Um kWst.-mæli á kr. 3.16 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
4. Um kWst.-mæli á kr. 5.24 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags Rafveitunnar.
5. Um kWst.-mæli á kr. 1.65 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.
6. Um kWst.-mæli á kr. 2.73 hverja kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð skv. fyrimælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.
- d) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útihita hitaþörfin er miðuð.

E. STÓRNOTKUN.

1. Um mæla þannið reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW. Aflgjald: kr. 28 947 hvert árs-kW. Orkugjald: kr. 3.23 hverja kWst.

Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun Rafveitunefndar.

F. ÖNNUR NOTKUN.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem er notuð á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur. Um kW-mæli á kr. 35.21 hverja kWst.
3. Gjöld fyrir götu og hafnarlýsingu kr. 92.128 hvert árs-kW, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu Rafveitunefndar sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.

4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn nema samþykki Rafveitunefndar komi til.

G. MÆLALEIGA.

1. Af einfasa mælum kr. 80.00 á mánuði.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A, kr. 189.00 á mánuði.
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A, kr. 358.00 á mánuði.
4. Af mestumælum kr. 666.00 á mánuði.
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./stólpa
220 V kerfi				
63 A 1-fasa	52 200	2 920	39 300	38 400
100 A 1-fasa	63 000	3 470	50 000	47 900
63 A 3-fasa	65 000	3 470	50 000	47 900
100 A 3-fasa	82 200	3 950	56 700	59 500
125 A 3-fasa	100 700	4 420	70 900	62 400
200 A 3-fasa	157 100	5 990	112 300	71 300
300 A 3-fasa	226 800	7 280		
380 V kerfi				
63 A 1-fasa	52 200	2 920	44 600	38 400
63 A 2-fasa	63 000	2 920	45 000	47 900
63 A 3-fasa	88 100	3 470	67 800	47 900
100 A 3-fasa	139 200	3 950	100 700	59 500
125 A 3-fasa	174 200	4 420	122 200	62 400
200 A 3-fasa	272 300	5 990	193 600	71 300
300 A 3-fasa	393 300	7 280		

Fyrir heimtaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimtaugargjald er nemi kr. 2 156 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 400, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimtaugar, 63—200 í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimtaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimtaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þverí jarðlínuheimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með. — Lengd stærri jarðlínuheimtaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfir-

lengd reiknast ekki af vegarlengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu, þótt heimtaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimtaugar, 63—100 A í 220 og 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu stystu greiðfæru leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimtaug nær húsi en 40 m, svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 23 600 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimtaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsækjendur heimtauga. Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðlínuheimtaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi fyrir heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Bessastaðahrepps.

III. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 2 500.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 2 500 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar. Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum til samræmis við nágranna-veiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er Rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þess allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga á grunnkaupi eða kaupgjaldsvisitölu eftir 1. júní 1977, er Rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild, að til komi sérstakt samþykki Iðnaðarráðuneytisins. Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema á töxtum D1, D3 og D5.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. nóvember 1977, og birtist til

eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 7, 5. janúar 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977.

Nr. 367.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- A 1. Um kWst.-mæli á kr. 39.90 hver kWst.
- A 2. Um kWst.-mæli á kr. 16.52 hver kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 188.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa á.
- A 3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um einn kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:

- a. Orkugjald kr. 16.52 hver kWst.
- b. Grunnugjald (mælisleiga innifalin):
 - Af einfasamælingu kr. 1 780.00 á ári.
 - Af þrífasamælingu kr. 3 560.00 á ári.
- c. Herbergisgjald kr. 1 780.00 á ári.

Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.

Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm., sem tvö.

Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minna en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm., hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

- C 1. Um kWst.-mæli á kr. 28.80 hver kWst.

Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.

- C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

- a. Aflgjald af mældu afli kr. 18 847.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálág ársins.